



Reglur Sveitarfélagsins Stykkishólms varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Stykkishólms geta framhaldsskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms.

Sveitarfélagið Stykkishólmur ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í að minnsta kosti hálfu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við Tónlistarskóla Stykkishólms og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til fjármála- og skrifstofustjóra sveitarfélagsins fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði frá Tónlistarskóla Stykkishólms, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í bæjarstjórn fyrir hvert skólaár. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.
5. Ef að bæjarstjórn samþykkir niðurgreiðslu til tónlistaráms í öðrum sveitarfélögum, þá óskar bæjarstjórn eftir upplýsingum um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok annar og áskilur sér rétt til að rifta gerðum samningum.
6. Sveitarfélagið niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

Samþykkt á 34. fundi bæjarráðs Stykkishólms þann 24. júní 2025.

Staðfest á 38. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms þann 26. júní 2025.